

From: Erna Björg Smáradóttir [ernabjorg@bankasysla.is]
Sent: 28. september 2012 13:59
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: 102. mál til umsagnar

Góðan daginn,

Bankasýsla ríkisins gerði athugasemdir við frumvarp til laga um hlutafélög (opinber hlutafélög o.fl.) þegar það var lagt fyrir á 140. löggjafarþingi og er tilbúin að koma á fund nefndarinnar til að ræða þær athugasemdir ef óskað er, en sendir ekki inn umsögn að sinni.

Bkv. Erna Björg

Erna Björg Smáradóttir

Verkefnastjóri skjala- og upplýsingamála

Beinn sími: 550 1705

Farsími: 856 5544

ernabjorg@bankasysla.is

Bankasýsla ríkisins

Borgartúni 3, 105 Reykjavík, Ísland

Sími: 550 1700

Fax: 550 1709

www.bankasysla.is

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Alþingi
Erindi nr. P 140/2139
komudagur 8.5.2012

AFRIT

BR
BANKASÝSLA RÍKISINS

Reykjavík, 8.maí 2012

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög (þingskjal 1136 – 703. mál).


Bankasýslu ríkisins hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp.

Bankasýsla ríkisins gerir athugasemd við ákvæði 6. gr. frumvarpsins um að stjórnarmenn opinberra hlutafélaga (ohf.) undirriti skuldbindandi yfirlýsingu við eigendastefnu ríkisins eða sveitarfélaga.

Stjórnir hlutafélaga gegna almennum haggæslu- og umboðsskyldum (e. *fiduciary duty*) gagnvart félaginu sjálfu. Skv. 1.mgr. 76. gr. hlutafélagalaganna „[má félagsstjórn]..ekki gera neinar þær ráðstafanir sem eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.“ Erfitt er að sjá hvernig 6. gr. frumvarpsins geti lagt skyldur á herðar stjórnarmanna hlutafélaga, sem eru í andstöðu við þær almennu skyldur, sem 76. gr. laganna setur þeim. Þrátt fyrir að stjórnarmenn gegni ákveðnum skyldum gagnvart hluthöfum, er einnig óvíst að tveir hluthafar í ohf. hafi sömu eigendastefnu.

Stjórnir hlutafélaga geta einnig haft haggæslu- og umboðsskyldur gagnvart öðrum hagsmunaaðilum, ef fjárhagur félagsins er bágur. Skv. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti „[ber] [s]kuldara, sem er bókhaldsskyldur,..að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta þegar svo er orðið ástatt fyrir honum [að hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga].“ Er einnig erfitt að sjá hvernig 6. gr. frumvarpsins geti lagt skyldur á herðar stjórnarmanna hlutafélaga, sem eru í andstöðu við ofangreindar skyldur félagastjórna skv. 64. gr. gjaldþrotaskiptalaganna.

Virðingarfyllst,


Jón G. Jónsson, forstjóri